

S A M P Y K K T I R
f y r i r

SAMEIGNARFÉLAGIÐ MOSAR

1. gr.

Félagið heitir Sameignarfélagið Mosar. Heimili og varnarþing er að Mosum í landi Geirlands, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaptafellssýslu.

2. gr.

Aðilar að samþykktinni eru börn og uppeldisbörn Önnu Kristófersdóttur og Jóns. Bjarnasonar frá Hörgsdal á Síðu, er síðast bjuggu að Mostum:

Ragnar Jónsson, Smyrlahrauni 2, Hafnarfirði

Helga Jónsdóttir, Hlíðarvegi 29A, Kópavogi

Bjarni Jónsson, Birkihvammi 10, "

Anna Kristín Jónsdóttir, Fögrubrekku 5, "

Kristófer Jónsson, Hringbraut 83, Keflavík

Jakob Jónsson, Faxabraut 17, "

Ólafur Jónsson, Grænutungu 7, Kópavogi

Hermann G.Jónsson, Heiðarbraut 61, Akranesi

Páll Jónsson, Vík í Mýrdal

Rannveig Jónsdóttir, Birkihvammi 10, Kópavogi

Halldór Jónsson, Alfhólsvegi 183, Kópavogi

Kristjana Jónsdóttir, Bræðratnngu 8, "

Ólafía Jónsdóttir, Skólagerði 3, "

Börn/maki Sigrúnar heit. Jónsdóttur, Prestbakkakoti á Síðu:
Rafn Valgarðsson, Holti á Síðu

Anna Jóna Ragnarsdóttir, Lágholti 11, Mosfellssveit

Bára Sólmundsdóttir, Hvolsvelli, Rang.

Við fráfall stofnaðila að samþykktum þessum skal maki hans eða börn taka við réttindum hans og skyldum, en hafa þó aðeins rétt til að koma þar fram sem einn aðili. Aðrir erfingjar hljóta ekki rétt til þátttöku í sameignarfélagi þessu.

3. gr.

Eignir félagsins eru íbúðarhús það sem þau hjón bjuggu í að Mosum, svo og mannvirki, er rísa kaunna á lóðinni og ræktun öll, er þar verður stofnað til, svo og aðrar eignir er aðalfundur samþykkir að félagið festi kaup á eða eignist.

4. gr.

Tilgangur félagsins er að vernda minningu hjónanna Önnu Kristófersdóttur og Jóns Bjarnasonar og auka kynni barna þeirra og annarra afkomenda, m.a. með viðhaldi og rekstri hússins að Mosum og efla hvers konar ræktun á lóðinni, þ.á.m. trjárækt og gera stofnaðilum og ættmönnum þeirra mögulega dvöl á fasteigninni um lengri eða skemmtiri tíma á hverju ári, enda hafi þeir jafnar skyldur til að halda húsi og lóð í góðu ástandi.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn; formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. 2 skulu kosnir til vara.

Meiri hluti stjórnar skuldbindur félagið.

6. gr.

A afmælisdögum þeirra hjóna, 14. eða 15. apríl ár hvert skal halda aðalfund félagsins með eftirfárandi dagskrá:

1. Lagðir fram reikningar s.l. árs.
2. Gengið frá áæltun um rekstur og framkvæmdir, ásamt ráðstöfun á afnotarétti á húseigninni á því ári.
3. Kostning stjórnar.

Fundi í Sameignarfélaginu Mosar skal boða með minnst 15 daga fyrirvara og eru þeir lögmætir er meir en helmingur aðila mætir.

7. gr.

Breytingar á samþykktum þessum má aðeins gera á lögmætum fundi, ef tveir þriðju viðstaddir fulltrúa eru því samþykkir. EKKI er þó heimilt að leggja félagið niður nema boðað sé til fundar á ný með minnst mánaðar fyrirvara og þá samþykkt með sama atkvæðamagni að slita félaginu.

Verði samþykkt að leggja félagið niður skal selja eignir þess og andvirði þess renna til landgræðslu eða skógræktar í Skaftafellssýslu.

Þannig samþykkt á aðalfundi 14. apríl 1977 og aðalfundi 14. apríl 1979.